

Jafnréttisnefnd BSRB: HAFNAR ATVINNUSTEFNU Á KOSTNAÐ KVENNA

Jafnréttisnefnd BSRB beinir þeim eindregnu tilmælum til ríkisstjórnar og samningsaðila á vinnumarkaði að standa vörð um velferðarþjónustuna. Starfsfólk í velferðarkerfinu - á sjúkrahúsum, í heilsugæslunni, á stofnunum fyrir fatlaða og í skólum, er í yfirgnæfandi meirihluta konur. Samdráttur og skerðing í velferðarþjónustunni bitnar því harkalega á kvennastéttum.

Mikilvægt er að stjórnvöld grípi til atvinnuskapandi aðgerða. Atburðarásin má hins vegar ekki verða sú að kvennastéttum sé ýtt út af vinnumarkaði við fjármögnun verkefna til að skapa ný störf fyrir karla. Reynslan kennir að allt of oft hefur raunin orðið sú á samdráttartímum.

Þannig hefur beinlínis verið ráðist í atvinnusköpun á kostnað kvenna.

Stuðla þarf að atvinnu fyrir alla, konur jafnt sem karla, og má atvinnusköpun ekki verða á kostnað starfsemi sem er samfélaginu öllu mikilvæg. **Aldrei er eins mikil þörf á öflugum velferðarneti og á krepputímum.** Höfum það hugfast. Eyðilegging á velferðarkerfinu bitnar ekki aðeins á samtímanum heldur einnig á komandi kynslóðum. Látum það ekki gerast.